

Föstudaginn 15. nóvember 1996.

Nr. 420/1996.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

gegn

Gunnari Sverri Harðarsyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. nóvember 1996, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 20. sama mánaðar kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. nóvember 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 13. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Gunnari Sverri Harðarsyni, kt. 080478-4459, Logafold 158, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 20. nóvember nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

— — —

Með vísan til þess, sem að framan greinir, þykir vera rökstuddur grunur um, að kærði eigi aðild að innflutningi á miklu magni stórhættulegra fíkniefni.

efna, 984 töflum af e-töflum (ecstasy) og 58,1 g af kókaíni, sem honum er gefinn að sök og varðað getur hann fangelsi, ef sannaður þykir.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Yfirheyra þarf alla handtekna enn frekar, en ósamræmi er í framburði þeirra. Þá eru hugsanlega fleiri aðilar hér á landi, sem þarf að yfirheyra og vitað er, að voru ásamt kærða í Benidorm sl. sumar á sama tíma og kynni tókust með Hollendingnum Lahouri Sadok og Íslendingi þar. Afla þarf nánari vitneskju um fyrri ferð Hollendingins til landsins, sem grunur leikur á, að hafi einnig tengst innflutningi fíkniefna. Þá er enn fremur til mynd af Hollendingnum og nafngreindum Íslendingum á skemmtistaðnum Tunglinu, sem tekin var, er Hollendingurinn var hér á landi í lok september sl. Upplýsingar bárust lögreglu 30. september sl. um, að mynd væri af útlendingi í Dagblaðinu þann dag, sem tekin hefði verið á framangreindum skemmtistað, Tunglinu, og að útlendingur þessi hefði útvegað Íslendingum, sem voru í Benidorm sl. sumar, fíkniefni.

Samkvæmt framansögðu þykir því ástæða til að ætla, að kærði gæti torveldað rannsókn máls þessa, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, fari hann frjáls ferða sinna. Þykir því vera grundvöllur til að taka til greina kröfu um gæsluvarðhald yfir kærða, eins og hún er fram sett, með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður kærða gert að að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 20. nóvember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Gunnar Sverrir Harðarson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 20. nóvember 1996 kl. 16.00.
